Verkalýðsblaðið

7. tbl. 11. árg. 3. september 1982 Verð kr. 10,00

Bráðabirgðalög íhaldsstjórnarinnar:

Máttlaus mótmæli

Bráðbirgðalögin hafa verið sett, kauprán virðist óumflýjanlegt, gengisfelling og verðhækkanir í kjölfar hennar er þegar orðnar staðreyndir. Þetta er sú mynd sem verkafólk á Íslandi getur dregið af næstu framtíðarhorfum sínum.

Stjórnarflokkarnir mæla kaupránslögum sínum bót með því að vísa í þjóðhagsspár um hvernig verðbólgan og atvinnuástandið hefði orðið án þeirra. Stjórnarandstaðan mælir gegn lagasetningunni með því að segjast hafa spáð þessu, allt væri nú í himnalagi ef bara kjararánið hefði átt sér stað fyrr.

Máttlaus mótmæli

Í kjölfar lagasetningar ríkisstjórnarinnar fylgdu hávaðasöm mótmæli frá fjölmörgum verkalýðssamtökum og félögum, og jafnvel frá ýmsum samtökum atvinnurekenda, s.s. Kaupmannasamtökunum. Mótmæli þeirra síðastnefndu eru skiljanleg í ljósi pólitískra tengsla við Sjálfstæðisflokkinn og verða ekki tekin alvarlega. Vinnuveitendasambandið lét alveg vera að mótmæla enda pólitísk sambönd þess öllu víðtækari en verslunarsamtakanna.

En hávær mótmæli verkalýðssamtakanna, með miðstjórn Alþýðusambandsins í broddi fylkingar, voru tekin aftur í sömu andrá og þau voru samþykkt. Ekki var talin ástæða að svo stöddu til að hvetja til aðgerða, eins og það hét. Þetta þrátt fyrir að í nýgerðum kjarasamningum var skrifað undir ákvæði þess efnis að setti ríkisstjórnin lög sem breytti ákvæðum samninganna um verðbætur, skyldu kaupliðir þeirra uppsegjanlegir með mánaðar fyrirvara.

Einangruð forysta

Afstaða verkalýðsforystunnar, þ.e. miðstjórnar ASÍ, er ekki skiljanleg ef hagsmunir verkafólks í landinu eru hafðir í huga.

Hins vegar er það ljóst að á undanförnum árum hefur hún fært æ fjær umbjóðendum sínum. Nýir menn hafa hreiðrað um sig, sem ekkert uppeldi hafa hlotið í félagsstarfi verkalýðsfélaganna, því félagsstarfi sem veitt hefur þeim almennt traust félagsmanna **eða** skapað hjá þeim traust til almennra félagsmanna. Jafnframt hafa

Framhald á bls. 2

BSRB-samningarnir:

FELLUM SAMNINGANA!

44% „kauphækkun" frá 1. ágúst, sem tekin var aftur frá og með samþykktardegi 1. september með bráðabirgðalögum viðsemjandans sjálfs, 2,1% „kauphækkun" f.o.m. 1. janúar, sem bætur fyrir allt að 10% kjaraskerðingu 1. desember nk. Þetta voru samningarnir sem samninganefnd BSRB samþykkti á fundi sínum 1. september sl., að vísu með hjásetu fjölmargra nefndarmanna. Einu ljósu punktarnir í samningunum eru lengin orlofs sem munar laugardögum og allt að viku veikindafrí vegna veikinda barna.

Þegar upp er staðið eru þó samningar BSRB-forystunnar áfall fyrir hagsmunabaráttu verkalýðsstéttarinnar. Með þeim er gersamlega gengið á svig við kjaramálastefnu BSRB sjálfs og endahnúturinn hnýttur á lágkúrusamninga ASÍ.

BSRB er það fjölmennt og öflugt stéttarsamband að það er firra af hálfu forystumanna þess að lýsa því yfir að hendur þeirra hafi verið bundnar af ASÍ-samningunum. Hér verða félagsmenn að taka fram fyrir hendurnar á samninganefndinni og fella samningsdrögin í allsherjaratkvæðagreiðslu. Það er kominn tími til að binda endi á þann feigðarflótta sem verkalýðshreyfingin virðist vera komin á gagnvart lífskjarasókn auðvaldsaflanna.

Sjá ennfremur bls. 2 og 3



Undir-skrifta-söfnun

Sjá bls. 5

AB: Banda-maður eða óvinur?

Sjá bls. 6

Fyrst þarf heims-stríð

Sjá bls. 3

Máttlaus mótmæli

Framhald af forsíðu.

margir af gömlu forystumönnunum færst enn lengra frá umbjóðendum sínum og tryggt sér sæti við kjötkatla opinberra bitlinga o.þ.h.

Fær einhver meira...

Ástandið verður enn flóknara þegar tekið er tillit til þess að þegar bráðabirgðalögin voru sett var annað stærsta stéttarsambandið, BSRB, með lausa samninga. Í sl. samningum gerðist sá atburður sem ásamt öðrum hefur markað tímamót í sögu íslenskrar verkalýðshreyfingar. Auk þess að semja um uppsagnarheimildir vegna breytinga á lögum um vísitölur var samið um uppsagnarheimild fái BSRB meira en Alþýðusambandið.

Með slíka verkalýðsfjandsamlega lágkúru á bakinu er von að miðstjórn Alþýðusambandsins þori ekki að stíga í annan fótinn frekar en hinn. Fái BSRB meira (hversu ólíklegt sem það kann að virðast!) þá má kannski beita uppsagnarheimildinni. Fái opinberir starfsmenn hins vegar svipaða kauphækkun í skugga 13% kjaraskerðingar, þá... Hver var að tala um að hægt sé að snúast gegn bráðabirgðalögunum?

Verkafólk hefur þar með verið teymt inn í vítahring sem aðeins er til í varúðarfullum hugskotum lítilsigldra verkalýðsforingja.

„Verkalýðsflokkurinn"

Sá stjórnmálaflokkur sem einna verst á eftir að koma út úr pólitískum fangbrögðum þessa dagana er án efa Alþýðubandalagið. Réttlæting forystunnar fyrir ríkisstjórnarþátttöku hefur allt frá stjórnarmyndun 1978 verið sú, að með stjórnarsamstarfi geti flokkurinn komið í veg fyrir enn frekari kjaraskerðingar.

Kjósendur og launafólk yfirleitt sjá þó aðeins það sem er en ekki það sem hefði getað orðið. Og það er ekki bara skammsýni háttvirtra kjósenda eða „okkar kæru félaga."

Grundvallarvillan

Alþýðubandalagið og vissir verkalýðsforingjar hafa færst svo langt frá grundvallarstefnumiðum og baráttuhefðum verkalýðsstéttarinnar að sú einfalda hugmynd að með samtaka baráttu launafólks (ekki bara þingflokksins) sé hægt að snúast gegn kjararáni og ná fram pólitískum ávinningum hvarflar ekki að þeim.

Ef til vill er ekki aðeins hægt að skella skuldinni á pólitíska úrkynjun „verkalýðsflokksins." Hér koma til fleiri atriði, s.s. víðtæk áhrif auðvaldsafla í verkalýðshreyfingu, velmegun o.þ.h. sem valda miklu, einkum um baráttuhug fólksins sjálfs.

Hitt er þó víst að foringjar verkalýðsins, sem hallast hafa að einhvers konar sósíalisma, hafa gefist upp fyrir þessum „ytri áhrifum" og afsalað sér því skylduverki að leiða fjöldann til baráttu gegn auðvaldinu. Ráðherrasósíalismi og „gluggapólitík" er eina ráðið sem þeir eygja.

Kreppa?

Við marx-leninistar — og reyndar fleiri róttæklingar — höfum verið iðnir við að spá efnahagskreppum og kveða upp úr með það að nú sé spádómurinn loks rættur (illu heilli).

Eftir á að hyggja hafa slíkir spádómar og slíkar yfirlýsingar verið afar grunnhyggislegar. Þróun síðustu áratuga hefur ekki einkennst af hagsveiflum í skilningi gamaldags marxisma, þar sem kreppur og stöðnunartímabil hafa skipst á við uppgangstíma og blómaskeið. Hinir svokölluðu uppgangs- og blómatímar t.d. í kjölfar samdráttanna 1967-68 og 1974-75 hafa nefnilega einkennst aðallega af kreppuráðstöfunum og samfelldum efnahagserfiðleikum, ekki bara hér á Íslandi, heldur um gervallan heim.

Það má með vissum sanni segja að auðvaldsheimurinn hrjáist af innri kreppu (á vondu máli kölluð strúktúrkreppa), sem lýsir sér í því að þjóðfélagskerfið sjálft, uppbygging þess, ræður ekki við eigin félagslega og efnahagslega þróun. Ofvöxtur ríkisvaldsins í kjölfar sívaxandi samfélagslegra þarfa (sem vel að merkja eru ekki umflýjanlegar eins og nýfrjálshyggjumenn vilja halda fram) er í hróplegu ósamræmi við sjálfa eigna- og arðránsuppbyggingu þjóðfélagsins. Nær hver efnahagsráðstöfun ríkisstjórna verður til þess að ástandið versnar og án efnahagsráðstafana af ýmsu tagi og gerðum versnar ástandið samt.

Enga ábyrgð...

Við slíkar aðstæður verður verkalýðshreyfingin og hreyfing sósíalista að afsala sér allri ábyrgð á úlfakreppu auðvaldsins. Verkafólk er í varnarstöðu hvort sem þjóðarframleiðsla eykst eða minnkar. Kjörin eru skert hvort sem fiskur veiðist eða ekki. Og svo framvegis.

Við slíkar aðstæður er það skylda sósíalista og allra þeirra sem hafa verið kallaðir til forystu fyrir verkalýðshreyfingunni að treysta samtök sín, að hika ekki við að blása til baráttu þegar á lífskjörin er sótt. Enn á ný gildir gamla slagorð Kommúnistaávarpsins. Verkafólk á engu að tapa nema hlekkjunum.

Þeim verkalýðsforingjum og stjórnmálaforingjum sem byggja áhrif sín á atkvæðum verkafólks en standa í vegi fyrir eflingu samtaka þeirra pólitískt og félagslega verður að víkja úr vegi. Þeir lenda utangarðs þegar fram líða stundir. Betra þó fyrr en síðar.

óhs.

BSRB-samningarnir: PENINGANA EÐA...

Það verður erfitt fyrir BSRB-forystuna að standa fast við kröfu BSRB-þingsins um lágmarkslaun og óskertar verðbætur. Hingað til hafa forystumennirnir ekki hvatt og safnað liði til átaka sem koma ríkisvaldinu í skilning um að fé verður að sækja til annarra en launafólks sem hefur grunnlaun langt undir framfærslukostnaði. Hins vegar hafa viðhorf almennra félaga oft gefið til kynna að þeir vilja mun meiri baráttu en BSRB hefur sýnt af sér. Það er auðvelt að týna sér í vangaveltum um orsakir þess að opinberir starfsmenn hafa tekið á sig meiri launaskerðingu á nokkrum árum en dæmi þekkjast um hérlendis eða á Norðurlöndum. Hitt er þó ljóst að ákveðin hugmyndafræði: **Hugmyndir um stéttafrið og sameiginlegar byrðar allra landsmanna í kreppunni**, eiga sér djúpar rætur, bæði meðal forystu og félagsmanna. Þegar hrein fátækrahverfi vantar er auðvelt að leyfa því fólki að vera stikkfrí sem rakar að sér stórfé og þarf aðeins að bera smábyrðar sem reynast öðrum ofviða: Sumir kaupmenn, margir heildsalar, meðeigendur stórra hlutafélaga sem greiða engan tekjuskatt o.fl. BSRB ætti að verjast af hörku og neyða ríkisvaldið til að snúa sér að tekjujöflun meðal þeirra sem lifa af fimm- eða tíföldum árslaunum kennarans.

Nokkrar vísbendingar eru um að brátt líði að því að forysta BSRB geti ekki annað en rekið upp alvöru heróp og almennir félagar verði að standa saman um verkföll og jafnvel uppsagnir sem gefið hafa sæmilega raun sem neyðarréttur. Viðbrögð forystu BSRB við yfirlýsingum fjármálaráðherra um skerðingu verðbóta, eru réttar. Verkföll hljóta að verða eina vopnið sem dugar fyrir BSRB í heild ef takast á að verja kaupmáttinn, en það ætti að vera raunhæft varamarkmið, ef ekki tekst að sækja eitthvað af kaupránsfeng Ragnars og kó til baka.

Hlutverk Ragnars er hlutverk hræsnarans. Í nafni ríkisstjórnar og síns eigin flokks notar hann gamla falstuggu úr hlöðu afturhaldsins: Launþegar verða að taka á sig minnkandi tekjur ríkisins, eins og aðrir. Sannleikurinn er sá að þeir verða ekki að gera það **ef** jafnaðarstefnu er fylgt og farið í vasa hinna ríku. Önnur tugga ber enn meiri ósvífni vitni: Af því að ASÍ „samdi" um skertar verðbætur ber BSRB að taka bráðabirgðalögum um hið sama og staðfesta svo skerðinguna í samningum sínum!

Vonandi sjá sem flestir í gegnum orð Ragnars og vonandi kemur að því að forystumenn í BSRB sem halda lífi í ríkisstjórnum og flokkum á borð við flokk fjármálaráðherra, hætti því eða aðrir forystumenn koma í þeirra stað sem eru einarðir talsmenn launafólks í einu og öllu.

—agé.

Óskertar vísitölubætur á bankainnistæður almennings!

Nú fyrir skömmu komu fram tillögur um hækkun á öllum bankavöxtum, jafnt til innlána sem útlána. Eftir hækkanirnar eru vextir af sparifé almennings samt langt frá því að tryggja að verðgildi þessi minnki ekki ef undan eru skildir lokaðir sparireikningar.

Það er furðulegt að íslenskur almenningur skuli samþykkja þegjandi og hljóðalaust að sparifé hans sé stöðugt rýrt og að á hverju ári skuli á þennan hátt vera færð gífurleg verðmæti frá alþýðu manna yfir í hendur braskara og auðvaldshyskis sem bankarnir telja ástæðu til að hygla. Er ekki mál að linni?

Það hlýtur að vera skýlaus krafa að allt sparifé almennings verði verðtryggt að fullu enda hafa flest lán sem almenningur hefur kost á að fá verið verðtryggt fyrir löngu. Slíkt mundi án efa hafa í för með sér mikla aukningu á sparnaði almennings og gæti leitt til þess að verðbólgan hjaðnaði eitthvað.

rb

Ólögleg vinnustöðvun?

2.9. Útgerðarmenn hafa nú ákveðið að mæta „of lítilli" fiskverðshækkun með því að leggja fiskveiðiflotanum, þar til ríkisstjórnin bæti úr.

Sjómenn hafa fyrir sitt leyti tekið undir með útgerðarmönnum en jafnframt varað við að afkoma útgerðarmanna verði bætt á kostnað sjómanna, t.d. með því að taka svo og svo mikið undan skiptum.

Þrátt fyrir ályktanir fiskimanna er næsta víst að verði gengið að kröfum útgerðarmanna verður það gert með ýmsum stjórnvaldsaðgerðum, sem miðast við að skerða ekki kjör fiskvinnslufyrirtækjanna. Það verða fiskimenn og almennir launþegar sem koma til með að halda útgerðarmönnum uppi nú sem endranær.

Jafnframt þessu vaknar maður óneitanlega til umhugsunar, þegar fréttir eru hleraðar af „samhljóða samþykkt trúnaðarmannaráðs LÍÚ" um stöðvun fiskveiðiflotans.

Þetta heitir víst allt annað en vinnustöðvun — viðbrögðin verða ekki hneykslunarfullar upphrópanir um óþjóðlegar, ólöglegar aðgerðir. Í gegnum tíðina hafa ótal fyrirtæki í ýmsum atvinnugreinum hótað lokun nema stjórnvöld geri að vilja þeirra, felli gengið, útbýti styrkjum o.s.frv.

Væru það hins vegar fiskimenn sem tækju sig til og löbbuðu í land og krefðust t.d. skattalækkana, væri ekki lengi verið að benda á greinar vinnulöggjafarinnar um ólöglegar vinnustöðvanir.

Munurinn liggur í því að við lifum í auðvaldsþjóðfélagi, þar sem verkafólk er miskunnarlaust arðrænt og lögin og framkvæmd þeirra sniðin fyrir auðherrana.

óhs.

Verkalýðsblaðið

Útgefandi:	Kommúnistasamtökin	Sími:	2 92 12
Ritstjóri	Ari Trausti Guðmundsson (ábm.)	Pósthólf:	5186 125 Reykjavík
Aðsetur:	Frakkastígur 14	Giróreikningur:	12 200 9, Póstgíróstofan
Opnunartími:	Alla laugardaga kl. 11.00 — 13.00	Prentað í Offsetprent	

Man einhver 21. ágúst?

Þann 21. ágúst 1968 óku skriðdrekasveitir Sovétríkjanna inn í Prag. Á 14 árum sem liðin eru frá innrásinni hafa auðkýfingar, er stolið hafa merki sósíalismans, aukið völd sín og undirokun víða um heim. Vestræn ríki hafa tekið efnahagsábata sína fram yfir aðstoð við fórnarlömb Kremlverja eins og auðvaldsins er von og vísa. Hvergi er þjóðum eða þjóðfélagshópum 3. heimsins eða A-Evrópu rétt hjálparhönd svo um munar. Marklitlar yfirlýsingar um vítaverð mannréttindabrot Sovétmanna eru gefnar út sama dag og digrir viðskiptasamningar eru undirritaðir. Óhugnanlegt þjóðarmorðið í Afganistan er látið afskiptalaust. Yfirlýstir vinstri menn eru flestir jafn sauðslegir og Helmut Schmidt og hans líkar. Ýmist yppta þeir öxlum og gera lítið úr yfirgangi Sovétmanna eða þeir útbreiða lygasögur um friðarást og meinleysi stríðsglæpamanna á borð við Brésneff.

Ólafur Jóhannesson sagði eftir uppistandið kringum samningsgerðina við Sovétmenn á dögunum að það væri rangt að blanda saman stjórnmálum og viðskiptahagsmunum. Vissulega er ekkert að marka læti Sjálfstæðismanna yfir Sovétsamningunum. Þeir hafa unnið að því að greiða götu bandarískra hagsmuna á Íslandi í áratugi. Margir þeirra og SÍS-höfðingjanna hafa fitnað dável af viðskiptum við Sovétmenn. En því miður hafa þeir rétt fyrir sér um tvennt. Kremlverjar munu nota nýja samninginn til að ýta fastar en áður á um ívilnanir og fótfestu á Íslandi og hitt að það getur verið rétt að blanda saman viðskiptamálum og stjórnmálum. Sem dæmi um það má nefna að það hefði borið árangur ef Hitlers-Þýskalandi hefði verið settur stóllinn fyrir dyrnar á 3. áratug aldarinnar. S-Afríka væri fyrir löngu búin að gefa apartheid-stefnu sína upp á bátinn ef viðskiptaeinangrun hefði verið beitt. Þannig mætti lengi telja, þótt **ekki** sé verið að líkja Sovétríkjunum við Hitlers-Þýskaland eða S-Afríku. Það skal einungis áréttað að íslensk stjórnvöld eru nú þeirrar skoðunar að gróðasöfnun íslenskra peningafursta skuli vera óháð dauða, pyntingum og ófrelsi í öðrum löndum. Þau skírskota til lífskjara okkar og segja að bros og bugt gagnvart Kreml, Washington eða Gaddafi séu forsenda þeirra.

Við heimtum samt að þau láti af kreddufesti sinni og blandi, þegar þörf er á, saman stjórnmálum og viðskiptum. Reynslan sýnir t.d. að við þurfum ekki að búast við mýkri tökum af hálfu auðklíkunnar sovésku en þjóðir sem lent hafa í krumlum hennar fram að þessu.

Í fáein ár voru marx-lenínistar frumkvöðlar að mótmælaaðgerðum 21. ágúst ár hvert, fyrir utan sovéska sendiráðið í Reykjavík, oftast einir á ferð. Þeir hafa árum saman krafist þess að herstöðvaandstæðingar beindu líka spjótum sínum **af afli** gegn Sovétríkjunum, auk Bandaríkjanna.

Atburðir undanfarinna ára hafa staðfest að stefna marx-lenínista er rétt gagnvart risaveldunum. Fyrr en síðar mun öflug hreyfing hafa hana að vopni. Þá verða íslensk stjórnvöld að endurskoða utanríkisstefnu og utanríkisverslun landsins.

14.8.

Fellum samninganа!

Samninganefnd BSRB hefur nú samþykkt samninga við ríkisvaldið, sem mikils til eru á sömu nótum og samningar Alþýðusambandsins fyrr í sumar. Þetta leyfir samninganefndin sér, þrátt fyrir kjaramálaályktanir þings sambandsins og ýmissa félaga innan sambandsins. Og þrátt fyrir að yfirvofandi eru allt að 15% lögbundnar skerðingar á verðbótavísitölu. Með því að undirrita samninga nú, sem ekki bæta upp kaupránið nú 1. september og 1. desember nk., er forysta BSRB í raun að samþykkja rétt ríkisvaldsins til að skammta launafólki laun, þvert á og án tillits til allra kjarasamninga.

Félagsmenn BSRB verða nú sem stundum áður að hafa vit fyrir samninganefnd sinni. Þegar samningarnir verða lagðir fyrir félagsmenn verða þeir að fella samningana og sýna þannig auðvaldinu og ríkisvaldi þess hver vilji þeirra er.

1.9.

Fyrst þarf heimsstríð
— innlegg í umræðu

Mót-mæli!

Á undanförnum dögum hafa klukkutímar af mótmælum bulið á útvarps- og sjónvarpsáheyrendum og metravís verið slengt framan í blaðalesendur í kjölfar bráðabirgðalaga ríkisstjórnarinnar.

Ráðherragreyin eru ásökuð um vanhæfni, dugleysi, kjararán o.s.frv., o. s.frv. En raunhæf viðbrögð hinna ýmsu mótmælendahópa hafa látið á sér standa. Þegar allt kemur til alls virðast þeir allir nokkuð sáttir við lögin, þótt gjammi hátt. Eða hvað?

Mitt í sorphaug ályktana og samþykkta glóir þó kannski í eitthvað sem verðmætt gæti orðið.

Trúnaðarmannaráðsfundur Félags bókagerðarmanna 25. ágúst sl. samþykkti harðorða ályktun gegn bráðabirgðalögunum. Þau voru nær samstundis birt í blöðum og lesin í útvarp. Fundurinn samþykkti jafnframt að nýta heimild félagsins til að segja upp kaupliðum kjarasamninganna. Nokkuð sem öll stéttarfélög landsins hefðu átt að gera strax.

Kannski er uppsögn FBM á kaupliðunum fyrirboði einhvers. Kannski er hér aðeins um að ræða eina undirstrikunina enn í máttlausum mótmælum. Tíminn á eftir að skera úr um það.

Baráttusinnar fagna hins vegar fyrstu raunhæfu viðbrögðum stéttarfélaga til þessa.

—fréttaritari

Greinarhöfundur heldur því fram að stór þáttur friðarbaráttu felist í stuðningi við frelsisbaráttu í 3. heiminum. Frá innrás Ísraels í Líbanon.

Friðarhreyfingin byggir annars vegar á einlægri friðarósk almennings og hins vegar á hræðslunni við kjarnavopnin. En til að kollvarpa friðnum og til að menn eigi á hættu að deyja af völdum kjarnavopna, þarf stórstyrjöld að brjótast út. Eðlilega hafa friðarsinnar að takmarki að koma í veg fyrir að slíkt gerist.

Hingað til hefur meginaðferðin verið sú að reyna að þvinga risaveldin (og þá helst Bandaríkin því þau eru „á staðnum") til að færa til k-vopn, fækka þeim eða neita nýjum. En um leið hefur farið minna fyrir umræðunni um hvort **þetta** geti komið í veg fyrir heimsstríð. Varla er markmið hverrar friðarhreyfingar að bjarga bara sínu fólki?

Umræðuskorturinn er því neikvæðari sem reynslan sýnir æ betur að það eru efnahagslegar og pólitískar ástæður sem vega þyngst sem stríðsorsakir, ekki vopnagerðir eða fjöldi vopna. Ef friðarhreyfingarnar tækju mið af þessu, myndu þær athuga hvernig vinna mætti gegn efnahagslegri og pólitískri útþenslu risaveldanna. Væri ekki rétt að styðja sjálfstæðisbaráttu 3. heims ríkja, styðja baráttu frumbyggja gegn ófyrirleitnum auðhringjum, vopnaða þjóðfrelsisbaráttu án tillits til litarháttar fólks, andstæðings þjóðfrelsisafla, trúarbragða og siða og legu landa — styðja jafnt Afgani sem El Salvadorbúa? Væri ekki rétt að styðja sjálfsbjargarviðleitni smárra auðvaldsríkja gagnvart risaveldunum og yfirráð þeirra yfir eigin auðlindum?

Menn mættu rifja upp hvað það var sem útrýmdi breska heimsveldinu, veikti Bandaríkin 1975—1980 og hvernig Sovétmenn fá að vaða uppi í öllum heimshornum og hvaða afleiðingar það hafi haft á stöðu þeirra og veldi.

Ef rætt er um breiða friðarhreyfingu, hlýtur ný stefna að þurfa að koma til. Ef hindra á stríð hlýtur að þurfa að gera það **núna** og á öðrum sviðum en kjarnavopnuninni einni.

Og skyldu friðarhreyfingarnar ekki þurfa að svara spurningunum: Eiga smáþjóðir að verja sig (og þá hvernig)? og: Hvað gerum við til að vernda okkur frá k-vopnum ef ekki tekst að koma í veg fyrir stríð?

Tepruskapur varðandi landvarnir smáríkja og eflingu varnarliðs í þeim löndum og afneitun friðartalsmanna á almannavörnum fæla þúsundir hér á Íslandi frá því að skipta sér af hugsanlegri friðarhreyfingu.

Miklatúnsfundurinn var talinn of fámennur. Miðað við núverandi málflutning friðarhreyfingarinnar skil ég þá útkomu og hef verulegar áhyggjur af sinnuleysi Íslendinga gagnvart þjóðarmorðum í 3. heiminum og almannavarnaleysi hér.

Herstöðvaandstæðingur

NAFN

HEIMILI

PÓSTNR. PÓSTSTÖÐ

☐ Óska eftir áskrift f.o.m. ____ tbl. 19____
☐ Segi upp áskrift f.o.m. ____ tbl. 19____

Sendist til:
VBL
Box 5186
125 Reykjavík

ÁDJ kemst helst að þremur niðurstöðum:

1. Eftir 10 ára starf hér hafa marx-leninistar ekkert komist áleiðis. Ekki var þörf fyrir marxismann á þessum tíma.
2. Það var ekki hljómgrunnur fyrir marxismann af því að kenningar hans eru of fjarri raunveruleikanum.
3. Leninisminn er ef til vill orsök þess hvernig farið hefur fyrir austan og sósíalisma verður ekki komið á með kúgun, einræði flokks og nýrri yfirstétt, heldur lýðræði.

Ekkert áleiðis?

Mér er það alltaf jafn herfilega á móti skapi er félagar mínir halda að nokkur maður, hvað þá stjórnmálasamtök geti staðið í stað í áratug. Hið sanna er að árangur á að meta á marga vegu: Beinan afrakstur baráttu (verkfall sem færði kjarabót, fundur sem fræddi fólk o.s.frv.) hugmyndafræðilegan afrakstur (greining á ísl. auðvaldskerfi, aukin þekking á marxisma o.s. frv.), pólitískan árangur (breytt pól. mynstur, aukin róttækni meðal fólks o.s.frv.) og loks breyttan reynsluheim allra einstaklinganna í hreyfingunni. Ég staðhæfi að okkur hefur miðað áfram á öllum þessum sviðum, nema helst hvað varðar pólitískan árangur. Hann er vissulega einna mikilvægastur og árangur á hinum sviðunum er vissulega of lítill. En alhæfing ÁDJ er skaðleg sjálfsblekking sem getur aðeins aukið á bjargarleysi og starfsleysi þeirra fjölmörgu sem hafa gefist upp á pólitísku starfi. Hið eina rétta væri að fá nægilega stóran hóp manna til að meta árangurinn hlutlægt og læra af matinu. Það hefur ekki verið gert og þess vegna eru ekki til marxlenínísk samtök í landinu sem vinna sig upp. Meðan flestir félagar hreyfingarinnar fyrrum (og nú) hafa afstöðu ÁDJ, kemur slíkur hópur ekki saman.

Þörf fyrir marxisma?

Margir halda að marxisminn sé starfsleiðbeining og forskrift að sósíalískri baráttu. Það er rangt. Marxisminn er greining á þjóðfélagskerfi, lýsing á megindráttum óhjákvæmilegrar þróunar og ákveðin heimssýn — díalektísk efnishyggja sem mótar skoðun einstaklings. Endanlegt starf manna og barátta er mjög undir áhrifum af aðstæðum og einnig mismiklum tökum manna á ótal þáttum marxismans. Þess vegna er það rangt að líta á marxismann eins og skákteoríu og einblína á útkomuna úr starfinu (skákum) þegar staða marxismans er metin. Hið rétta er að skoða öll atriði sem verka á framgang marxismans (efnahagslegar aðstæður í landinu, pólitískar vakir (tómarúm), virkni verkalýðshreyfingar, tök kommúnista á marxismanum o.fl.). En með sleggjudómi sínum er ÁDJ þó inni á a.m.k. einni réttri braut. Það er meiningarlaust að segja að ekki hafi verið þörf fyrir marxismann, en viss sannleikur í framhaldi ÁDJ, nefnilega að **hljómgrunnurinn** hafi verið lítill. Og það er ekki af efnalegu velstandi eða vegna þess að ekki var pólitískt rúm fyrir m-l samtök. Það var mun fremur af þrennum orsökum:

a. M-l hreyfingin var æskulýðshreyfing og átti illa innangengt í hreyfingu launafólks.
b. Hinir ungu kommúnistar lögðu lítið upp úr hlutlægri þekkingu á marxískri hagfræði og öðrum þáttum marxismans, heldur tóku þeir upp alls kyns siðfræði (sem maóisminn var ríkur af, ættaður frá Asíu) og blindan „afstöðuisma" sem er skyldur trúarbrögðum.
c. Lítið nýtt hefur borist marxismanum hér fyrir vestan frá ca. 1950 að telja. Maóisminn var **kínversk** aðlögun marxismans og gat ekki fært okkur mikið nýtt, annað en hugmyndir og eldmóð.

Vegna alls þessa varð hljómgrunnurinn að lokum lítill (áhugi fólks var verulegur fyrst!) og kommúnistarnir höfðu ekki byggt upp í sér bein til að þola alls konar innræn vandamál, uppgjör o.fl. austan við bambustjaldið. Orð ÁDJ um að marxisminn hafi verið of fjarri raunveruleikanum er þar með að hluta rétt, ef hnykkt er á því að átt sé við **útgáfu Maós og þá hér fyrir vestan.**

Ég vil líka minna á að kenningar marxismans um þróun auðvaldsins, um heimsvaldastefnuna, um stríð, um kreppur og fjölgun öreiga (eignalausra m.t.t. framleiðslutækja) hafa staðist, svo dæmi séu nefnd.

Starf margra manna sem kalla sig marxista og hafa leitt ánauð yfir milljónir og nota setningar úr ritum marxista til að troða á fólki segir minnst um nothæfni eða þörf á marxismanum í heild. Eitthvað af reynslunni af yfirlýstum sósíalískum ríkjum getur aftur á móti leitt okkur að röngum atriðum í marxismanum sem þarf að breyta. Hann er varla fullkomið heildstætt kerfi?

Er leninisminn orsök?

Hvaða einkunn á að gefa tilleggi rússneskra bolsévíkka eða kínverskra kommúnista til marxismans? Þeir sem halda að marxisminn sé starfsforskrift, eru fljótir til. Það er ekki útkoma stéttabaráttu og aðstæðna sem einkennir Sovétríkin í dag, heldur stefna Leníns. Hvað stefna Leníns er? Útvaldar tilvitnanir bar sem þess er vandlega gætt að breytilegar skoðanir Leníns komi ekki fram. Núllið sem leninisminn fær, er fjarri lagi. Lenín bjó til afstöðu fyrir Rússland og aðlagaði skoðanir sínar oftar en ekki að breyttum aðstæðum. Hann vissi ef til vill að marxisminn er ekki forskrift að ríkisstjórnarháttum, heldur þjóðfélagsvísindi sem gera manni kleift að **þróa** stjórnarhætti í þágu launafólks, en tryggja ekki árangur. Þess vegna er það vitlaus einföldun að setja þúsund samasemmerki milli kenningasmíða og skyndiafstöðu Leníns og þróunar Sovétríkjanna. Villur Leníns og þau endemi hans og Stalíns að gera leninismann algildan fyrir öll lönd, mega ekki gera okkur að eineygðum sleggjudómurum. Afstöðu mína má skýra betur með dæmi.

Lenín ræddi oft um að alræði öreiganna (ríkisvald) myndi þurfa að kúga borgarastéttina í sósíalismanum. Til dæmis mætti hlutgera þetta fyrir ákveðið land með því að segja að í sósíalismanum verði stjórnarskrá í gildi sem banni að menn hafi fleiri en þrjá menn í vinnu eða taki til sín gróða umfram gildandi laun. Þetta er kúgun! Ef einhver samtök byðu fram til kosninga með afnám þessa á stefnuskrá, hvað þá? Auðvitað þjónar lýðræði í sósíalisma ákveðinni stétt og auðvitað á það að stýra ákveðinni þróun (arðráni útrýmt að fullu að lokum). Að þessu leyti er hinn rússneski Lenín inni á hugmyndum sem íslenskir kommúnistar geta notað. En það væri auðvitað hægt að segja að Lenín hafi meint að **við** ættum að taka málfrelsi af öllum sem telja rétt að leyfa arðrán. Það væri hægt að teygja orð hans yfir í að fyrirskipa fangelsun allra „andstæðinga sósíalismans" — sbr. útleggingu Brésneffs á hinum alvitra læriföður. Hvað er nú lenínismi af öllu þessu, ÁDJ?

Og hvað þá?

Íslenskir marx-leninistar þurfa að gera a.m.k. tvennt: Auka þekkingu sína á marxismanum með bæði augun opin og auka þekkingu sína á íslensku þjóðfélagi. Svo er að búa til stefnu og slípa hana eftir starfsreynslunni.

Ari T. Guðmundsson

Einn af þeim sem hafa mætt erfiðleikum marx-lenínísku hreyfingarinnar með því að taka hlægilega trú á Albaníu sagði við félaga minn um daginn: „Hjá okkur eru hlutirnir sagðir hreint út, þar er ekkert „ef" og „ég veit ekki" eins og í Verkalýðsblaðinu." Það er lýsandi dæmi fyrir vonlausa og allsendis ómarxíska einfeldninga að halda að aðalatriðið sé að hafa pottþétt kerfi kennisetninga og svör á reiðum höndum um allt (kölluð „staðreyndir") í þjóðfélagsbaráttunni.

Umræðurnar og efahyggjan í VB eru jákvæð viðbrögð við árangri hreyfingar okkar. Þær eru að vísu ómarkvissar og einangraðar og vafalaust blettaðar röngum hugmyndum. Brýnast er að gera þær mun almennari og markvissari. ÁDJ hefur skrifað m.a. tvær greinar í VB: Pólitískar hræringar og Hugleiðingar um eðli sósíalískra byltinga (báðar í 5. tbl. '82). Þeim skal nú svarað.

ÁDJ svarað:

Þörf er fyrir marxisma

Ísraelsher notar fosfórsprengjur.



Sjúklingar eftir Begin-aflimun, eins og það kallast í Líbanon.

Flísasprengjurnar eru bandarískar.

Uppgjöf í flóttamannabúðum. Ísraelsher leggur þær síðan í rúst.

Meðferð fanga sem kallast „hryðjuverkamenn", en ekki stríðsfangar brýtur í bág við Genfarsáttmálann.

Undirskriftasöfnun:

Óhugnaðinn verður að stöðva!

Myndirnar frá Líbanon tala sínu máli og gætu verið dæmi um framferði hinna harðskeyttu síonista í Palestínu í áratugi. Barátta Palestínumanna og fulltrúa þeirra hefur, þrátt fyrir staðhæfingar Ísraelsstjórnar, ekki einkennst af sams konar hryðjuverkum. Þau hafa vissulega átt sér stað, en þá sem örvæntingarverk smáhópa eða einstaklinga sem PLO hefur réttilega fordæmt.

Þótt myndirnar tali sínu máli er ekki hægt að segja að evrópskir stjórnmálamenn hafi talað máli Palestínuþjóðarinnar eða reynt að stöðva Ísrael í hernámsförinni og árásarstríðinu í Líbanon. Bruno Kreisky, oddviti þeirra Austurríkismanna, hefur verið næsta einn á báti.

Sérstaka athygli hefur vakið að Sovétstjórnin hefur verið afar varkár og alls ekki reynt að beita sér, þrátt fyrir smá tilhlaup í Öryggisráðinu.

Hér á Íslandi hafa menn verið seinir til eins og venjulega. Meðan allir stjórnmálaflokkar sem skipta máli á Norðurlöndum leggja metnað sinn í að taka afstöðu í málum sem þessum (sumir gera jafnvel eitthvað að auki), hafa stóru flokkarnir hérlendis ekki talið ástæðu til yfirlýsinga. Ríkisstjórnin átti aðild að varfærnislegri yfirlýsingu utanríkisráðherra Norðurlanda og hún styður samþykktir Öryggisráðs SÞ sem eru um margt jákvæðar af sjónarhóli Palestínumanna og Líbana. Í fréttatilkynningu stjórnarinnar frá 15. júlí kemur fram að hún veitir 800.000 kr. til hjálparstarfs á vegum Rauða krossins og Palestínuhjálpar SÞ. Ber að fagna því. Stjórnin segist harma innrásina í Líbanon og telur að hagsmuni beggja aðila verði að tryggja með samningum. Allt eru þetta spor í rétta átt.

Hitt er augljóst að íslensk stjórnvöld eiga að beita diplómatískum þrýstingi á Ísraelsstjórn til að koma henni í skilning um að hún stefni samskiptum landanna í hættu — og standa við orð sín er á þarf að halda. Stjórnin á líka að viðurkenna PLO formlega sem fulltrúa Palestínumanna.

Þessar sjálfsögðu kröfur og aðrar, meira umdeildar er snerta lausn Palestínumálsins, koma fram í merku framtaki sjö Íslendinga sem hafa sent ríkisstjórninni áskorun og greinargerð sem flestir landsmanna gætu tekið undir.

Í framhaldi af áskoruninni hafa gamlir liðsmenn Palestínusamtakanna (störfuðu 1975—1978) og ýmsir einstaklingar ákveðið að hefja undirskriftasöfnun svipað og einn starfsmanna við nýbyggingu Borgarspítalans, Viðar Magnússon. Safnað verður undirskriftum undir kröfur um frekari þrýsting á Ísrael og viðurkenning á PLO. Hún hófst föstudaginn 20. ágúst og þá um leið fjársöfnun handa Palestínumönnum.

Hver sá sem vill safna undirskriftum, fé eða vinna sérstaklega með þessum hópi getur snúið sér til Hjálmtýrs Heiðdal í síma 75033.

—agé.

Alþýðu-bandalagið:

BANDA-MAÐUR EÐA ÓVINUR?



Bandamenn eða óvinir — þessir ráðherrar telja sig til hinna síðarnefndu... Þrátt fyrir allt!

Marx-lenínistar hafa alla tíð eytt miklum kröftum í að „afhjúpa svik Alþýðubandalagsins við verkalýðsstéttina." Lengst af hefur þessi gagnrýni verið fólgin í að ásaka forystumenn úr röðum Alþýðubandalagsmanna í verkalýðshreyfingunni um svik í kjarasamningum.

Á þeim tíu árum, sem liðin eru frá því að marx-lenínistar hófu starfsemi sína á Íslandi, hefur orðið mikil aukning þjóðartekna og miklar og örar sveiflur hafa átt sér stað á kaupmætti launa í landinu. Þegar launakjör eru borin saman við breytingar á þjóðartekjum á þessu tímabili kemur í ljós að þveröfugt við spár kommúnista þá hafa tekjur almennings hækkað til samræmis við aukningu þjóðartekna. Stundum hafa þær lækkað tímabilsbundið en að meðaltali hefur sambandið milli þjóðartekna og launagreiðslna haldist mjög svipað. Aukin einkaneysla almennings kemur fram í aukinni og almennri bílaeign, stóraukningu utanlandsferða, fleiri og betri tækjum til heimilisstarfa, mikilli aukningu í sölu á hvers kyns innréttingum í hús, stærri húsakynnum o.s.frv.

Á meðan lífskjörin hafa batnað hafa íslenskir róttæklingar haldið fyrir augun og hrópað „svik", „lífskjaraskerðing" og ásakað verkalýðsforystuna um svik í kjarabaráttunni! Það er ekki nema von að kommúnistum hafi orðið lítið ágengt og fáir hlusti á áróður þeirra.

Verkalýðsforystan og kjarabaráttan

Ef frammistaða verkalýðsforystunnar í kjarabaráttunni er athuguð virðist hún gera lítið annað en endurspegla almennan baráttuvilja verkalýðsstéttarinnar. Hafi þjóðarframleiðslan aukist mikið og telji þorri verkalýðsstéttarinnar sig eiga skýlausan rétt á launahækkun þá setur verkalýðsforystan fram háar kröfur og er ófeimin við að grípa til harkalegra aðgerða. Þegar dregur úr hagvextinum og verðmæti þjóðarframleiðslunnar minnkar jafnvel þá er baráttuvilji verkalýðsins ekki eins mikill og verkalýðsforystan hagar sér í samræmi við það.

Vissulega tekur verkalýðsforystan lítið tillit til baráttufúsasta hluta verkalýðsins nema hann njóti stuðnings meirihluta verkamanna sem verkalýðsforystan byggir fylgi sitt á. Það er þess vegna rangt að gagnrýna forystu Alþýðubandalagsins fyrir svik við kjarabaráttu verkalýðsins þótt slíkt geti að sjálfsögðu gerst í einstökum samningum, sérstaklega þegar Alþýðubandalagið er sjálft í stjórn. Svik forystu Alþýðubandalagsins eru síður en svo fólgin í því að standa gegn aukinni einkaneyslu almennings. Þvert á móti byggir Alþýðubandalagið fylgi sitt að miklu leyti á baráttu fyrir aukningu þessarar einkaneyslu.

Sósíalísk barátta situr á hakanum

Svik forystu Alþýðubandalagsins við hagsmuni verkalýðsins og sósíalíska hugsjón eru fólgin í því að berjast ekki fyrir breyttu þjóðskipulagi á Íslandi í verki heldur vinna meðvitað að viðhaldi íslensks auðvaldsþjóðfélags. Alþýðubandalagsforystan styður yfirleitt kjarabaráttu verkalýðsins þótt frammistaða hennar í síðustu kjarasamningum sé að vísu dæmi um hið gagnstæða. En hún hefur fyrir löngu gleymt baráttunni fyrir afnámi auðvaldsþjóðfélagsins og uppbyggingu sósíalísks lýðræðisþjóðfélags á Íslandi sem er laust við arðrán og misrétti núverandi þjóðfélagskerfis.

Tillögur forkólfa Alþýðubandalagsins um efnahagsaðgerðir nú endurspegla þessa grundvallarstefnu þeirra. Reynt er að finna leið út úr efnahagsvandanum sem nái því tvíþætta markmiði að annars vegar verði hægt að reka íslensk auðvaldsfyrirtæki með einhverjum hagnaði og hins vegar valdi efnahagsaðgerðirnar ekki það mikilli andúð almennings að hann snúist gegn ríkisvaldinu í heild og Alþýðubandalagið missi fylgi sem samábyrgur ríkisstjórnaraðili.

Þessa stefnu styður Þjóðviljinn, yfirlýst málgagn sósíalisma, verkalýðshreyfingar og þjóðfrelsis. Þorri þeirra tillagna og hugmynda sem að undanförnu hafa verið settar fram í þriðjudagsgreinaflokknum „Hagstjórn" í Þjóðviljanum er gott dæmi um þjónkun Þjóðviljans við borgaralega hagspeki og umbótastefnu. Allar fjalla þessar greinar um það hvernig hægt sé að láta efnahagskerfi íslensks auðvaldsþjóðfélags ganga betur og í mesta lagi eru þar lagðar til smávægilegar tilfæringar innan kerfisins án þess að hrófla við undirstöðum þess.

Umbótastefnan eðlileg?

En getur stefna Alþýðubandalagsins verið nokkuð öðruvísi undir kringumstæðum stöðugrar og friðsællar þróunar vestræns kapítalisma ef undan eru skilin núverandi kreppueinkenni? Umbótastefna Alþýðubandalagsins hefur vafalaust gert íslenska auðvaldsþjóðfélagið að einhverju leyti manneskjulegra og á meðan ekki er raunverulegt byltingarástand hljóta kommúnistar að taka þátt í baráttu fyrir þeim umbótum sem þrátt fyrir allt eru mögulegar.

Innan Alþýðubandalagsins eru starfandi allmargir kommúnistar sem sjálfsagt styðja umbótastefnu forystunnar vegna þess að þeir telja hana vera í samræmi við núverandi þjóðfélagskringumstæður. Þetta er samt ekki nema að nokkru leyti rétt afstaða. Þótt barátta fyrir umbótum sé vissulega réttlætanleg og æskileg þá má hún ekki skyggja alveg á endanleg markmið hreyfingarinnar. Það má aldrei ganga svo langt að í nafni umbóta sé bókstaflega kerfisbundið unnið að styrkingu auðvaldsskipulagsins eins og forysta Alþýðubandalagsins hefur gert.

Geta kommúnistar starfað í AB?

Marx-lenínistar hafa hvatt alla kommúnista, sem fyrirfinnast í Alþýðubandalaginu, til að segja skilið við það og taka þátt í tilraunum til að brjóta það niður sem leiðandi stjórnmálaafl í verkalýðshreyfingunni. Marx-lenínistar hafa haldið því fram að ógerningur sé að hafa áhrif á stefnu Alþýðubandalagsins og etja því út í baráttu fyrir sósíalískri byltingu á Íslandi.

Nú er það staðreynd að þrátt fyrir þá stefnu, sem Alþýðubandalagið hefur í raun og veru fylgt undanfarin ár og jafnvel áratugi á þingi og í stjórnarsamstarfi við aðra flokka, þá er barátta fyrir sósíalisma samt sem áður yfirlýst stefna þess. Þannig hefur Alþýðubandalagið verið róttækt í orði en gagnbyltingarsinnað á borði. En það er líka önnur hlið á málinu. Þorri félaga í Alþýðubandalaginu trúir á hugsjón sósíalismans og vill koma á stéttlausu þjóðfélagi á Íslandi þótt það sjáist kannski ekki svo greinilega af stefnu flokksins. Þeir hafa vinsamlega afstöðu til kommúnista, svo fremi sem þeir starfa ekki að því að brjóta Alþýðubandalagið niður, eins og sjá má af þeirri staðreynd að innan Alþýðubandalagsins eru ófáir kommúnistar þótt þeir hafi ekki afgerandi áhrif á stefnu þess eins og stendur. Þótt innan Alþýðubandalagsins sé að finna örfáa einstaklinga, sem styðja drottnunarstefnu Sovétríkjanna og aðhyllast afturhaldssósíalismann sem þar er við lýði þá hefur meirihluti félaga þess andstyggð á honum.

Alþýðubandalagið er lýðræðislegur flokkur þar sem hverjum og einum er frjálst að láta í ljós skoðun sína og reyna að afla henni fylgis hvort heldur er innan flokksins eða utan. Þetta á ekki síst við um baráttu fyrir sósíalískum stefnumálum enda falla þau að grundvallarbaráttumálum flokksins. Lítil virkni félaga í innanflokksstarfi Alþýðubandalagsins stafar ekki af því að þeim sé meinuð hún heldur hefur flokksforystan hvað eftir annað hvatt félaga til meiri virkni og það er aðeins fátt eitt því til fyrirstöðu að stefnumarkandi umræða geti farið fram meðal óbreyttra félaga.

Í ljósi þessa virðist sú stefna að hvetja kommúnista til úrgöngu úr Alþýðubandalaginu ekki nauðsynlega vera rétt. Út frá heildarástandi kommúnískrar hreyfingar á Íslandi virðist þvert á móti miklu eðlilegri stefna vera að taka upp náið samstarf við kommúnista innan Alþýðubandalagsins og reka áróður fyrir hugsjónum kommúnismans í samvinnu við þá. Jafnvel er ekki útilokað fyrir marx-lenínista að ganga í Alþýðubandalagið í þessu skyni þótt þá sé eftir sem áður mikilvægt að halda áfram skipulögðu kommúnísku starfi.

rb

Kommúnisti er skammaryrði

— hugað að hugtakanotkun sameignarsinna

Kommúnismi og kommúnisti — eyðilögð hugtök?

Við maóistar, sem höfum kallað okkur kommúnista og marx-lenínista (eins og Brésnev gerir), höfum reynt að útskýra fyrir fólki, að með kommúnisma ættum við alls ekki við ríkjandi stefnu og stjórnarfar í Sovétríkjunum, að okkar stefna sé allt önnur. Vandinn er sá, að það trúa því fáir, að þegar við segjum upp, meinum við niður. Fólk verður í besta falli ruglað.

Það er erfitt fyrir lítinn hóp að breyta ríkjandi málhefð. Í hugum fjöldans mun upp halda áfram að þýða upp og kommúnismi sovéska stefnan, hvort sem okkur líkar það betur eða ver.

Líklega voru það mistök hjá brautryðjendum kommúnisma hér á landi að þýða ekki þessi hugtök, t.d. með sameignarstefna og sameignarsinni. Rógsherferð íslenska afturhaldsins og úrkynjun og mistök Sovétríkjanna hafa lagst á eitt við að greypa þessi hugtök inn í huga almennings sem lýsingu á því versta í sovésku stjórnarfari.

Ég held það hafi heldur hjálpað til við að gera þessi hugtök neikvæð og tortryggileg að þau skuli vera erlend. Íslensku og rússnesku afturhaldi hefði trauðla tekist að gera orðin sameignarsinni að þvílíku skammaryrði eins og orðið kommúnisti er nú.

Að vera kommúnisti er í flestra augum að vera stuðningsmaður risaveldisins í austri.

Bolsévikar breyttu um nafn

Í byrjun aldarinnar kölluðu Lenín og hans menn sig sósíaldemókrata og voru í 2. alþjóðasambandinu. Í fyrstu heimsstyrjöldinni varð djúpstæður klofningur meðal sósíaldemókrata. Bolsévikar klufu sig út og stofnuðu 3. alþjóðasambandið. Þeir skiptu þá um nafn á stefnu sinni og tóku upp aftur gamalt heiti frá dögum Marx, nefnilega kommúnisti. Sú nafnbreyting hefur hjálpað þeim við að greina sig og sína stefnu frá stefnu þingræðissósíalistanna í 2. alþjóðasambandinu (kratasambandinu) í hugum fólks.

Þegar leiðir skildu með kínversku og sovésku kommúnistunum 1961, breytti hvorugur aðilinn um nafn, heldur uppnefndu hvor annan. Tvær allólíkar stefnur hétu þá sama nafni.

Vestræna maóistahreyfingin, sem spratt upp nokkrum árum seinna, reyndi að aðgreina sig frá rússadindlum með því að kalla sig marx-lenínista og skeyta skammstöfuninni ml. aftan við heitið (sbr. EIK(ml), KSML og KFÍ/ML). Þannig aðgreining með viðskeytum er hvorki afgerandi né auðskilin, m.a. vegna þess að rússar kalla sig einnig marx-lenínista á tyllidögum.

Hvað gerum við?

Ég álít heiti samtaka okkar og stefnu vera einn stærsta þröskuldinn í vegi okkar nú. Samtökin og núverandi stefna þeirra gæti höfðað til fjölmargs fólks, sem vill eitthvað nýtt í íslenskum stjórnmálum, ef þau skreyttu sig ekki með þessu opinbera skammaryrði, sem merkir í huga flestra ólýðræðislegt miðstýrt skipulag án mannréttinda.

Við þurfum heiti og hugtök, sem koma inntaki stefnu okkar óbrengluðu til skila. Trúlega gæti það hjálpað nokkuð að þýða nokkur af lykilhugtökum fræðikenningarinnar á íslenskt mál. Hér eru nokkrar tillögur, engin þeirra er frumsmíð:

Kommúnismi:	sameignarstefna, sameignarskipulag (samskipulag?)
kommúnisti:	sameignarsinni
sósíalismi:	félagshyggja
sósíalisti:	félagshyggjumaður
Kapital:	auðmagn
kapítalismi:	auðhyggja, auðvald, auðvaldsskipulag
kapítalisti:	auðhyggjumaður, auðvalssinni

Nokkur hugtök í marxískri fræðikenningu eru orðin villandi (ógagnsæ) vegna breyttra þjóðfélagshátta og breytts tíðaranda. Sem dæmi má nefna öreigi (proletar, sá sem ekki á **framleiðslutæki)** og alræði í merkingunni alræði **stéttar**. Þannig mál er flóknara að leysa, enda þáttur í viðtækri þróun kenningarinnar og aðlögun að þjóðfélagsháttum þessarar aldar og heimshluta.

Hvað með heiti samtakanna?

Verði nafnið þýtt beint, myndu þau heita Sameignarsinnasamtökin (SSS)! Óhæft nafn! Ekki bara vegna þess að það er langt og óþjált, heldur lýsir það aðeins hluta af kjarnanum í fræðikenningu Marx, sem er að mínu áliti þessi:

a. Sameign á öllum meiriháttar fyrirtækjum (framleiðslu- og þjónustu).
b. Hagsmunir, vilji og frumkvæði fjöldans ráði þjóðfélagsþróuninni, þ.e. ráðstöfun auðæfanna, sem sagt efnahagslegt, þekkingarlegt og stjórnmálalegt lýðræði.

Lykilhugtökin eru þá **sameign** og **lýðræði**. Sé einblínt á sameignarmarkmiðið eitt sér, verður útkoman sameignarsamfélag að formi, en alræði fámennrar (nýrrar) yfirstéttar að inntaki. Sovéska fyrirkomulagið er ýktasta dæmið um það. Í mörgum vestrænum samfélögum (þ.á.m. Íslandi) vex sameignarréttur jafnt og þétt á kostnað einkaeignarréttar (ríkiseign stórfyrirtækja, ríkisþjónusta, samvinnufélög), en lýðræðið, vald fjöldans, vex ekki að sama skapi, jafnvel minnkar. Þessi tvö lykilmarkmið verða að haldast fast í hendur.

Verður þá niðurstaðan sú, að samtökin heiti Lýðræðis- og sameignarsinnasamtökin (LOSSS)? Nei, aldeilis fráleitt. Þrautarlendingin gæti orðið sú að skýra samtökin einhverju snotru nafni, sem útskýrir ekki kjarna stefnunnar, en afvegaleiðir þó ekki heldur. Tillögur eru vel þegnar, (því miður eru nöfnin Sóleyjarsamtökin, Alþýðubandalagið og Samhygð öll upptekin).

Hugum að málinu

Málið skiptir máli. Það þarf að koma hugsunum óbrengluðum milli manna. Í ópersónulegum samskiptum eins og fjölmiðlun og fjöldastjórnmálum reynir mjög á það.

Í vitund almennings leggur nú megnan óþef af orðunum **flokkur** og **pólitík**, flokkarnir hafa séð fyrir því. Ef stofna á stjórnmálahreyfingu, sem er gjörólík núverandi stjórnmálaflokkum (lýðræðis- og sameignarsinnuð hreyfing), væri óráð að nefna hana **flokk**, heldur þyrfti að finna einhver minna útbíuð hugtök.

Með þessum greinarstúf tel ég mig vera að vekja athygli á mikilvægu máli, sem þarf að huga vel að. Ég vona að einhverjir málhagir menn taki málið fastari tökum og leiði til lykta.

ÞÖÁ.

Lausasala 4 síður: Kr. 10
Lausasala 8 síður: Kr. 15
Lausasala 12 síður: Kr. 20
Áskrift: Kr. 150
Stuðningsáskrift: Kr. 200
Áskrift til útlanda: Kr. 200
Giró: 12200-9

Landsbókasafnið
v/ hvorfisgötu
101 Reykjavik

Verkalýðsblaðið

7. tbl. 11. árg. 3. september 1982

Verð á flestum matvælum hækkaði í byrjun mánaðarins um 15—35% í Ísrael. Þetta gerðist þegar ríkisstjórnin ákvað að minnka niðurgreiðslur til að losa um greiðslur til stríðsreksturins í Líbanon.

Stríðsútgjöldin hafa það í för með sér að ríkisstjórnin hefur gefið upp alla von um að takast megi að minnka verðbólguna niður fyrir 100% á ári. Einn af fremstu hagfræðingum í Ísrael telur þó að ísraelskt hagkerfi sé nú mun betur í stakk búið til stríðsreksturs en í októberstríðinu 1973.

Haft er eftir prófessor Eliyahu Kanovsky við Bar ilanháskólann í Tel Aviv að hingað til hafi stríðið í Líbanon kostað 20—25% af brúttó þjóðartekjum. 1973 kostaði stríðsrekstur Ísraels hins vegar brúttó þjóðartekjur í heilt ár.

Klassekampen 6. ágúst

Að lokum er tekið fram í samkomulaginu að bresti samstarfið ,,mun núverandi stjórn Lýðræðislegrar Kampútseu undir forystu Khieu Samphan hafa rétt til að starfa sem hin eina rétta stjórn Kampútseu og sem meðlimur SÞ til að tryggja framgang Lýðræðislegrar Kampútseu.''

Klassekampen 30. júní

Evrópuráðið sendi nýlega frá sér skýrslu um Afganistan. Það sem merkilegast er í skýrslunni er að Evrópuráðið slær því föstu að Sovétmenn hafi ,,notað efnavopn til að slátra hundruð þúsunda manna.'' Notkun Sovétmanna á efnavopnum ,,er daglegur viðburður á afganskri grund'' segir í skýrslunni.

Klassekampen 17. júlí

Margt bendir til að Kína og Sovétríkin séu farin að nálgast hvert annað. Útvarp Peking sendi nýlega út viðtal þar sem mikið var gert úr vináttu landanna. Viðtalið var við söng- og danshóp sem nýkominn var heim úr sýningarferð í Sovétríkjunum.

Þrátt fyrir þetta og margar aðrar vísbendingar um hið sama er áróður Kínverja gegn utanríkisstefnu Sovétmanna enn mikill. En viðskiptatengsl Kína við Sovétríkin og önnur austantjaldslönd fara þó batnandi. Tvær kínverskar nefndir hafa heimsótt Sovétríkin til að kynna sér efnahagsstefnu Sovétríkjanna. Jafnframt hafa kínverskir námsmenn nú tækifæri til að kynna sér sovéskar hagfræðikenningar.

Klassekampen 14. júlí

PUNKTAR utan úr heimi

Í fangabúðum Ísraelsmanna á hernumdu svæðunum í S-Líbanon eru nú 15.000 fangar. Ekki er eingöngu um að ræða palestínska fanga heldur einnig líbanska borgara. Aldur fanganna er allt niður í 12—15 ár. Nýlega slepptu Ísraelsmenn 100 drengjum á þeim aldri. Enn sitja þó margir drengir í fangabúðunum. Og á hverjum degi eru fleiri handteknir.

Best þekktu fangabúðirnar eru í Ansar. Þær eru taldar rúma u.þ.b. 10.000 fanga. Í Sídon eru aðrar búðir. Evrópskir og arabískir sjónarvottar segja að þar fari fram pyntingar.

Hingað til hafa Israelsmenn neitað að gefa upp nöfn á fangabúðunum og aðeins einn hópur frá Rauða krossinum hefur fengið leyfi til að tala við fangana. Enn hafa fulltrúar Rauða krossins bara hitt 600 fanga. Meðal fanganna eru meir en eitt hundrað hjúkrunarmenn frá palestínska Rauða hálfmánanum og nokkrir kennarar og starfsmenn við UNRWA — Samtök á vegum SÞ sem vinna meðal palestínskra flóttamanna. Þúsundir af föngunum virðast hafa verið handteknir tilviljanakennt við margendurteknar hreinsunaraðgerðir Ísraelsmanna.

Klassekampen 24. júlí

,,Láttu ekki dóttur þína verða negraleikfang'' stendur á áróðursmiðanum, sem Carl Frykborn veifar hér framan í blaðalesendur.

Í byrjun júlímánaðar varð fyrst ljóst að Ku Klux Klan hefur hafið starfsemi í Svíþjóð. 8 meðlimir samtakanna brutu rúður hjá chileanskri fjölskyldu og brenndu svartan kross fyrir utan. Skömmu síðar lýsti Carl Frykborn, leiðtogi Ku Klux Klan ábyrgð á hendur samtökunum:

,,Það var gott að við brenndum krossinn. Þannig gerðum við öðru fólki greiða því þetta varð til að Chilemennirnir flutt,'' sagði Carl Frykborn. Frykbon heldur því fram að í Ku Klux Klan í Svíþjóð séu 200 manns, flestir í Stokkhólmsdeildinni.

Undanfarið hefur aðsúgur gegn innfluttum aukist í Svíþjóð. Lögreglan hefur komið á fót deild til að vernda innflutta gegn ofbeldi. Ekki er enn vitað hvað lögreglan mun gera nú þegar leiðtogi Ku Klux Klan er kominn fram í dagsljósið.

Klassekampen 5. ágúst

Útlagastjórn í Kampútseu er orðin að veruleika. Sihanouk prins, Son Sann og Khieu Samphan hafa gert samkomulag um sameiginlega stjórn og forystu fyrir þjóðfrelsisbaráttunni.

Sundrungin milli ólíkra afla innan þjóðfrelsishreyfingarinnar hefur lengi verið henni fjötur um fót. En þetta samkomulag viðurkennir rétt allra afla til að halda uppi eigin samtökum, jafnframt því sem sameiginleg stjórn þeirra er á jafnréttisgrundvelli.

Notkun lífrænna eiturefna til útrýmingar skaðlegum skorkvikindum eykst ört í þróunarlöndunum. Alþjóða heilbrigðisstofnunin (WHO) álítur að þessi efni drepi fimm þúsund manns og skaði hálfa milljón á hverju ári. Eiturefni sem ríkari hluti heimsins telur of hættuleg til eigin nota eru flutt út til þróunarlandanna. Þar er þeim úðað á matvæli sem flutt eru síðan út til ríku landanna.

Framleiðsla skordýraeiturs eru nú að verðmæti u.þ.b. 130 milljarða króna á ári hverju. Stærsti hluti skordýraeitursins sem notaður er í þróunarlöndunum (u.þ.b. 70%) fer á vörur sem fluttar eru út til ríkra landa. Ein af ástæðunum er sú að framleiðendurnir krefjast þess að vörur sem ætlaðar eru vandlátum vesturlandabúum séu ,,gallalausar'' í útliti. Hingað til hefur eiturinnihald vörunnar ekki þótt eins mikilvægt.

Klassekampen 13. júlí

Meir en 1500 manns hafa verið drepnir í pólitískum ofbeldisaðgerðum í El Salvador síðan kosningarnar voru í mars sl., að sögn mannréttindanefndarinnar í landinu. Sl. 3 ár hafa meir en 34.000 manns verið drepnir í El Salvador.

Í fyrstu skýrslu mannréttindanefndarinnar eftir kosningar kemur fram að enn eru mannréttindi fótum troðin og ríkisstjórnin hefur ekkert reynt að stöðva það.

Mannréttindanefndin gefur engar skýringar á orsökum drápanna en segir hins vegar að yfirvöld hafi aðeins rannsakað fimmtung þeirra.

Mannréttindanefndin safnar gögnum frá ættingjum þess fólks sem drepið er og eru upplýsingar nefndarinnar taldar öruggar. Herinn í El Salvador heldur því hins vegar fram að nefndin líti fram hjá ofbeldi skæruliða.

Hinn nýi forseti El Salvador, Alvaro Magana segir að hann muni aldrei semja við skæruliða. Forsetinn ferðaðist í sumar milli Mið-Ameríkuríkja til að reyna að fá stuðning við harðstjórnina í El Salvador.

Klassekampen 12 júlí